

**Umhverfisstofnun**

b.t. Hulda Soffía Jónasdóttir  
[hulda.jonasdottir@umhverfisstofnun.is](mailto:hulda.jonasdottir@umhverfisstofnun.is)  
Suðurlandsbraut 24  
108 Reykjavík

Hvalfjarðarsveit  
Innrimel 3  
301 Akranes

Sími 433 8500

Kt. 630606-1950

26. janúar 2022

2201012

**Matfugl að Hurðarbaki - Matsáætlun-Starfsleyfi.**

Á 152. fundi umhverfis-, skipulags- og náttúruverndarnefndar Hvalfjarðarsveitar þann **19.1.2022** var gerð eftirfarandi bókun:

Erindi frá Umhverfisstofnun þar sem vakin er athygli á því að stofnunin hefur auglýst tillögu að starfsleyfi fyrir Matfugl ehf, Hurðarbaki. Frestur til að skila inn athugasemdum var til 15. janúar 2022 en sveitarfélagið hefur sótt um frest.

Um er að ræða stækkun á eldisheimild Matfugls ehf., en núverandi fjöldi eldisrýma er 80.000 fuglar.

Tillagan gerir ráð fyrir eldisrými fyrir 136.000 fugla, og að uppfylltum skilyrðum frekari stækkun í eldisrými fyrir 192.000 fugla.

Framkvæmdin fór í mat á umhverfisáhrifum og birti Skipulagsstofnun álit vegna þessa þann 14. ágúst 2019. Í álit Skipulagsstofnunar kemur fram að stofnunin telji að neikvæðustu áhrif vegna stækkaðs kjúklingabús verði vegna ólyktar frá eldishúsum og að áhrif á loftgæði á nærliggjandi bæjum vestan við Hurðarbak verði talsvert neikvæð. Vegna óvissu um hversu mikil óþægindi nágrennar Hurðabaks muni upplifa í kjölfar stækkunarinnar lagði Skipulagsstofnun til að ekki yrði ráðist í fulla stækkun í 192.000 fuglastæði í einum áfanga, heldur yrði heimiluð stækkun, bundin við smærri áfanga. Að teknu tilliti til m.a. álits Skipulagsstofnunar, leggur Umhverfisstofnun því til að fyrsti áfangi stækkunar verði 136.000 fuglastæði. Að loknum tveggja ára reynslutíma af rekstri eldishúsanna og að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, er snúa að losun lyktarvaldandi ammoníaks (NH3), verði heimilt að hefja rekstur í viðbótareldishúsum að fengnu samþykki Umhverfisstofnunar og heildareldisrými verði þá fyrir allt að 192.000 fugla.

Veiðifélag Laxár óskaði eftir því við Hafrannsóknastofnun hvort stofnunin hefði einhverjar athugasemdir við útgáfu starfsleyfisins vegna hugsanlegra áhrifa starfseminnar á lífríki Laxár í Leirársveit. Niðurstaða Hafrannsóknarstofnunar var sú að mæla þurfi ástand vatnasvæðis Laxár við Hurðabak, svo sem styrk uppleystra næringarefna og vöktun þess, til þess að hægt sé að staðfesta að núverandi starfsemi (og þar með aukin starfsemi) valdi ekki of miklu álagi á ána. Núverandi mælingar séu ekki nægilega margar og ekki nægilega árstíðabundnar.

Fyrir liggja athugasemdir frá eigendum Vestra-Miðfells og Hlíðar, sem leggjast gegn fyrirhugaðri stækkun kjúklingabúsins sbr. bréf dags. 14.01.2022.

Fyrir liggja athugasemdir frá eigendum Brekkubæjar í landi Vestra-Miðfells, sem leggjast gegn fyrirhugaðri stækkun sbr. bréf dags. 12.01.2022.

**Umhverfis-, skipulags- og náttúruverndarnefnd ítrekar fyrri afstöðu sína um að uppfæra þurfi gildandi deiliskipulag svæðisins.**

**Nefndin tekur undir ábendingar frá Hafrannsóknarstofnun um vöktun á lífríki Laxár. Einnig að ávallt verði notuð besta fánlega tækni vegna útblásturs frá eldihúsunum til að sporna við því að lyktarmengun berist yfir nálæga byggð. Nefndin vill einnig benda á að hauggeymslur séu þannig úr garði gerðar að búpeningur og vargfuglar komist ekki í þær.**

Á 344. fundi sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar sem haldinn var **25.1.2022** var tekið fyrir mál

*Erindi frá Umhverfisstofnun þar sem vakin er athygli á því að stofnunin hefur auglýst tillögu að starfsleyfi fyrir Matfugl ehf, Hurðarbaki. Frestur til að skila inn athugasemdum var til 15. janúar 2022 en sveitarfélagið hefur sótt um frest.*

*Um er að ræða stækkun á eldisheimild Matfugls ehf., en núverandi fjöldi eldisrýma er 80.000 fuglar. Tillagan gerir ráð fyrir eldisrými fyrir 136.000 fugla, og að uppfylltum skilyrðum frekari stækkun í eldisrými fyrir 192.000 fugla.*

#### **Oddviti lagði fram eftirfarandi tillögu:**

*"Sveitarstjórn tekur undir afstöðu Umhverfis-, skipulags- og náttúruverndarnefndar og ítrekar að hún telur að fullt tilefni sé til að farið verði í endurskoðun deiliskipulags á svæðinu en gildandi skipulag er frá árinu 1999 og hafa ýmsar forsendur breyst frá þeim tíma. Gangi útgáfa starfsleyfisins eftir er um að ræða 70% stækkun búans í fyrsta áfanga frá núverandi starfsleyfi, komi til síðari heimildar sem starfsleyfisdrögin gera ráð fyrir að 2 árum liðnum þá er um að ræða 140% stækkun frá núverandi leyfi. Sveitarstjórn vill ennfremur taka undir ábendingar sem fram koma í umsögn Hafrannsóknarstofnunar varðandi vöktun á lífríki Laxár í Leirársveit. Rétt er að benda á í því sambandi að vatnasvæði Laxár endar í Grunnafirði sem er friðlýstur og er á lista yfir svæði sem eru vernduð og viðkvæm skv. 25. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Grunnafjörður hefur einnig verið samþykktur sem Ramsarsvæði frá árinu 1996.*

*Sveitarstjórn lýsir yfir verulegum áhyggjum sínum með aukna lyktarmengun frá búinu við stækkun þess en þekkt er að lykt frá þauleldisrekstri berist langar leiðir í lofti frá búunum og valdi íbúum og útivistarfólki óþægindum. Vert er í því sambandi að benda á að ekki eru miklar vegalengdir í bæði verðmæt útivistarsvæði við Laxá í Leirársveit og að híbýlum fólks á næstu bújörðum. Þá er einnig mikil og þétt frístundabyggð í nálægð við búnið. Telur sveitarstjórn því eðlilegt að farið verði fram á ítrustu kröfur um hreinsun á útblásturslofti frá búinu.*

*Sveitarstjórn vill líka ítreka kröfu um að hauggeymslur á búinu og hjá þeim aðilum sem búnið er með samninga við um móttöku skíts, sé með þeim hætti að búpeningur og vargfuglar eigi ekki aðgang að. Sveitarstjórn áréttar áhyggjur sínar af áhrifum stækkunar búans á nærsamfélag þess. Að auki vill sveitarstjórn benda á nauðsyn þess að samhliða stækkun búans þarf að ráðast í endurbætur á veginum frá Hvalfjarðarvegi, vegamótum við Galtarholt og að Tungu en stækkun búans mun skapa verulega aukna umferð á þeim vegi, bæði á uppbyggingartíma sem og þegar rekstur er kominn í gang."*

#### **Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.**

Það tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

Jökull Helgason  
Starfsmaður skipulags- og umhverfisfulltrúa Hvalfjarðarsveitar  
[skipulag@hvalfjardarsveit.is](mailto:skipulag@hvalfjardarsveit.is)